

Sigríður Kjartansdóttir, gjaldkeri EFSA Íslands lést miðvikudaginn 9. desember 2015 í Reykjavík eftir erfiða baráttu við lungnakrabbamein. Mörgum mánuðum áður en að úrslitastundin rann upp vissi Sigga Kjartans, eins og hún var jafnan kölluð, hverju að stefndi. Samt sem áður lét hún ekki sjúkdóm sinn aftra sér frá því að taka þátt í 3ja daga sjóstangaveiðimóti EFSA Íslands sem haldið var í júní sl. frá Höfn, Hornafirði þar sem hún eins og ætíð áður stóð sig með stakri þryði.

Sigga Kjartans var ein að tíu félögum EFSA Íslands sem endurreistu félagið í janúar 1998 eftir að starfsemin hafði legið í dvala um árabíl. Hún tók þátt í nær öllum keppnum á vegum félagsins allt frá byrjun og vann til fjölmarga verðlauna, varð meðal annars þrisvar sinnum Íslandsmeistari kvenna í bátakeppni árin 2004, 2005 og 2009 auk þess að skipa oftast annað eða þriðja sætið árin þar á milli fram til þessa dags. Sigga Kjartans tók auk þessa þátt í fjölmörgum mótum víðsvegar í Evrópu og hlaut margvísleg verðlaun, varð m.a. Belgíumeistari kvenna 2008 í móti (Friendship Cup) sem haldið var frá Ostende, Evrópumeistari kvenna í tegundaveiði 2008 einnig frá Ostende og Evrópumeistari kvenna árið 2011 í léttlínukeppni frá Weymouth Englandi.

Sigga Kjartans var kjörin gjaldkeri félagsins á aðalfundi þess þann 4. mars 2006 og gengdi stöðunni allt fram til síðsumars þessa árs að hún óskaði eftir lausn frá starfinu vegna veikinda sinna. Hún gengdi stöðu gjaldkera félagsins með mikilli eljusemi, nákvæmni og samviskusemi. Fjárhagur félagsins var með ágætum allan starfstíma hennar og átti hún mjög gott og farsælt samstarf við aðra stjórnarmeðlimi í stjórnartíð sinni.

Sigga Kjartans var vinur vina sinna og mikill félagi, hrókur alls fagnaðar og lét ekki sitt eftir liggja

Sigríður Kjartansdóttir, gjaldkeri EFSA Íslands látin.

Skrifað af Helgi Bergsson
Fimmtudagur, 10 Desember 2015 20:36 -

Í starfi við undirbúning fjölmargra móta og atburða á vegum félagsins. Hennar skarð verður seint fyllt og munu núlifandi félagar EFSA Íslands ætíð minnst hennar með hlýhug og söknuði.

EFSA Ísland vottar börnum og fjölskyldu Sigríðar Kjartansdóttur dýpstu samúð og þakkar henni nú að leiðarlökum hennar þýðingarmiklu störf í þágu félagsins.

Helgi Bergsson, formaður EFSA Íslands.

Pórir Sveinsson, ritari EFSA Íslands.

English version.

Sigríður Kjartansdóttir, gjaldkeri EFSA Íslands látin.

Skrifað af Helgi Bergsson
Fimmtudagur, 10 Desember 2015 20:36 -

Sigríður Kjartansdóttir (Sigga), EFSA Iceland Cashier and life member died in Reykjavik on Wednesday 9 Dec 2015 after illness from lung cancer.

Sigga was one of the ten members that re-established EFSA Iceland in January 1998 and took part in almost all Championships organized by EFSA Iceland from 2002 to 2015 and many Championships in other countries in Europe. She won the EFSA Iceland Open Lady class three times, in 2004, 2005 and 2009. She won the Friendship Cup in Ostende Belgium in 2008 and also at the same time the European Species Championships in Ostende. She became the Lady Champion in the European Line Class Championships held in Weymouth, England in 2011.

Sigga was EFSA Iceland Cashier from 2006 to Oct 2015 when she resigned due to her illness.

Sigga worked very hard for our Section for many years and did a great job for EFSA Iceland. She was a true friend of her friends and all members of EFSA Iceland will miss her dearly.

Helgi Bergsson, EFSA Iceland Chairman.

Thorir Sveinsson, EFSA Iceland Secretary.

Sigríður Kjartansdóttir, gjaldkeri EFSA Íslands látin.

Skrifað af Helgi Bergsson

Fimmtudagur, 10 Desember 2015 20:36 -
